



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á Þjóðræknisþingi**

**Reykjavík
28. ágúst 2016**

Kæru vinir,

Það er mér mikil ánægja að vera kominn á þennan vettvang, nú í nýju starfi sem forseti Íslands. Þjóðræknisfélag Íslands hefur verið einstakur farvegur margvíslegra samskipta okkar við frændur og vini vestanhafs, í félagi við systursamtök sín þar, Icelandic National League, miðlað fróðleik og upplýsingum, greitt götu gagnkvæmra heimsóknna og haldið minningum og sögu á lofti.

Saga hinna íslensku tengsla við Vesturheim er orðin löng, eðli og inntak samskipta okkar við afkomendur íslenskra landnema í Vesturheimi hefur tekið breytingum í árána rás með nýjum kynslóðum. En hún er heillandi eins og við fengum að kynnast svo vel nýverið í þáttum Egils Helgasonar eftir leiðangur hans um Íslendingabyggðir í Kanada og Bandaríkjunum.

Síðustu áratugir 19. aldar voru þjóðinni erfiðir. Árferði var þungt, vetur harðir, skaraveður og grimmdarfrost, sumur stutt og gæftalítill, búskapur á heiðum og í afdölum var erfiður og margir gáfust upp á hokrinu. Fimmtungur landsmanna tók sig upp á fáeinum áratugum og flutti búferlum vestur um haf, einkum til Kanada, í leit að betri líf skjörum fyrir sig og sína.

Mikil saga er af landnemunum í nýja heiminum, margvíslegum erfiðleikum þeirra og baráttu við nýjar aðstæður og illvíga sjúkdóma. Sumir fluttu búferlum ítrekað eins og skáldið Stephan G. Stephansson sem endaði undir Klettafjöllum, aðrir sneru aftur heim. En byggðin

dafnaði og á fyrstu áratugum tuttugustu aldar lögðu Íslendingar í Vesturheimi umtalsverðan skerf til atvinnuuppbyggingar í gamla landinu auk hins sem þeir lögðu til á sínum nýja heimavelli. Menningarlíf og kirkjustarf Íslendinga í Vesturheimi var blómlegt og um tíma voru síst færri bækur prentaðar á íslensku vestra en hér heima. Óhætt er að segja að afkomendur þessara nýju landnema hafi átt ríka hlutdeild í sjálfstæðisbaráttu Þjóðarinnar árin og áratugin eftir aldamótin 1900.

Þjóðrækni er sérstakt orð, annars vegar er hugtakið þjóð, hins vegar rækni sem samstofna er sögninni að rækja, sinna, hirða um. Þjóðrækni dregur dóm af orðinu frændrækni, að hirða um skyldmenni, rækta fjölskyldu í víðasta skilningi, ræktarsemi. Þjóðrækni er þá í sama skilningi að rækta þjóð sína, að sinna þeirri útvíkkuðu fjölskyldu sem við köllum þjóð. Og sú fjölskylda er einsog hinar minni samsett af allskonar fólki sem á það kannski bara sameiginlegt að tilheyra þessari fjölskyldu.

Þjóðrækni, ræktarsemi við þjóðina, á að vera mótuð af víðsýni og umburðarlyndi og þá er hún alltaf af hinu góða.

Andstæða þjóðrækni er þjóðremban, sem felur í sér sjálfsupphafningu, hroka í garð annarra, það að telja suma í fjölskyldu þjóðanna betri en aðra.

Sumum kann að þykja þjóðrækni gamaldags orð og úrelt hugsun á okkar alþjóðlegu fjölmeningartímum. En það er ekkert úrelt við það að þykja vænt um þjóð sína á sama hátt og manni þykir vænt um fjölskyldu sína. Sönnu nær væri að kalla þjóðrembu úrelta – hún er að minnsta kosti varasamt og raunar hættulegt leiðarljós í samskiptum þjóða.

Það er allt í lagi að vera stoltur af því sem þjóð manns hefur afrekað. En vandi skapast þegar stoltið er notað til að gera lítið úr öðrum enda gömul sannindi og ný að dramb er falli næst.

Ég óska Þjóðræknisfélaginu góðs gengis og þakka forystu félagsins ötult starf við að efla vináttu og samskipti við vini okkar, frænkur og frændur í Vesturheimi.